


Hanna Kristín Þorgrímsdóttir

# Sagan um Bólu



NÁMSGAGNASTOFNUN

# Sagan um Bólu

*Sagan um Bólu* er æfingaefni í lestri fyrir byrjendur.

Sögunni, sem hér má finna í heild og fjallar um um köttinn Bólu og fjölskyldu hennar, fylgja 10 lestrarhefti sem byggja á sögunni. Lestarheftin má panta hjá Námsgagnastofnun.


Gert er ráð fyrir að sagan sé lesin fyrir nemendur áður en þeir lesa lestrarheftin. Með því að rifja söguna upp með börnunum gefst færi á að ræða efni hennar og orðaforða og tengja texta leskaflans við söguna. Markmið þess er að texti lestrarheftanna fái aukna merkingu í huga nemendanna.

Í hverju lestrarhefti er upprifjun á þeim hluta sögunnar sem kaflinn byggir á.



Vorið var komið og úti í mounum kvakaði lóan: bí bí, bí bí. Himinninn var heiður og blár og Venus dofnaði óðum. Sólin sendi fyrstu morgungeislana yfir fjallsbrúnina og leit á húsinn sem kúrðu í röðum í litla bænum. Bærinn virtist í fasta svefni, ekkert rauf kyrrðina nema nokkrir árrisulir fuglar sem sungu af hjartans list. En nú sást hreyfing í einu húsinu! Þar sat lítill, gulbröndóttur köttur í glugga, hlustaði á fuglasönginn og horfði á lóu sem flaug úti í móa. Fluga sveimaði og suðaði í glugganum og kisa fylgdist með henni af áhuga. Hún hnipraði sig saman, veiðihárin skulfu af spenningi, svo stökk hún að flugunni. Hún gleymdi alveg að gæta sín og rak sig í blómapott sem skall á gólfið. Skellurinn bergmálaði í næstum tómu herberginu og kisa þaut undir rúm. Hún vissi að nú hafði hún gert einhverja vitleysu.

Lísa hrökk upp við hávaðann. „Hvaða læti eru þetta?“ Hún litaðist um í herberginu og sá blómapottinn á gólfinu. Moldin var út um allt og fína appelsínutréð sem hún var að rækta lá í moldarhrúgu. „Bóla! Hvar ertu kis kis, komdu kisa mín.“ Það leið nokkur stund þar til Bóla gægðist skömmustuleg undan rúminu. Svo læddist hún upp í rúmið til Lísu, skreið undir sængina og malaði hátt. Lísa tók Bólu í fangið og strauk henni, svo fór hún fram úr rúminu og tók blómapottinn upp. Appelsínutréð var næstum heilt, það höfðu bara brotnað tvö lauf af því. Lísa hagræddi því í pottinum og mokaði moldinni í hann aftur.



Lísa leit í kring um sig í herberginu, þar var ekkert nema rúmið. Fjölskyldan hafði lokið við að pakka niður í gærkvöldi og húsgögnin voru flest komin niður í stofu til að fljótlega yrði að bera þau út á flutningabílinn. Í dag ætlaði fjölskyldan að flytja í næsta þorp. Lísa kveið fyrir að flytja burt frá vinkonum sínum en hún hlakkaði líka til. Þau ætluðu að flytja til afa og ömmu, það yrði gaman að búa hjá þeim. Afi og amma ætluðu að eftirláta fjölskyldunni efri hæðina og voru búin að innrétta litla íbúð fyrir sig á neðri hæðinni. Og nú yrði Lísa ekki lengur ein í herbergi, þær Rósa áttu að vera saman og fá kojur til að sofa í. Ási og Óli áttu að vera saman í herbergi, þeir fengu líka kojur. Bóbó átti að sofa inni hjá mömmu og pabba, hann var svo lítill enn þá, bara tveggja ára. Rósa var elst, hún var 10 ára, Lísa og Ási voru 9 ára og Óli 6 ára.

Lísa heyrði að Bóbó var vaknaður og farinn að syngja hástöfum: „Kummi kúnka údi, kalla pabba sinn, kondu nú á koppinn memmé kummi minn.“ Bóbó vaknaði alltaf klukkan sex á morgnana kátur og hress. Lísa heyrði að Ási var líka kominn á ról, hann hló dátt og sagði eitthvað við Bóbó.




Lísa klæddi sig og fór niður í eldhús, Bóla trítlaði með henni. Nú voru allir vaknaðir og komu niður að borða morgunmatinn. „Góðan daginn krakkar,” sagði pabbi morgunhress og lyfti Bóbó í háalof. „Dóa daji, daji, daji,” söng Bóbó og skríkti af ánægju. Mamma virtist hálfsofandi enn þá þar sem hún sat með kaffibollann og starði út í loftið. „Þegar við erum búin að borða þurfum við að pakka því sem eftir er, bíllinn kemur klukkan átta,” sagði pabbi.

Allir hjálpuðust að við að ganga frá og pakka. Það voru miklu færri herbergi á nýja heimilinu en hér og dótið þeirra komst ekki allt fyrir. Sumt átti að fara í geymslu og það átti bíllinn að taka á morgun. Þegar bíllinn kom báru mamma og pabbi þyngstu húsgögnin út á bíl en allir hjálpuðust að við að bera ýmsa muni og kassa. Rósa tók þyngstu kassana eins og ekkert væri. „Rósa, hvað er eiginlega í þessu?” spurði mamma skelfd þegar hún tók við niðþungum kassa sem Rósa vipaði upp á bílpallinn. Rósa gerði táknið fyrir bók og brosti út að eyrum. „Taktu léttari kassana, þú skemmir á þér bakið,” sagði mamma en Rósa hló bara og sýndi vöðvana.


Ási kepptist við, hann vildi alltaf vera svo fljótur að öllu. Hann var í sólskinsskapi eins og venjulega, þaut út að bíl með kassana og svo hljóp hann syngjandi inn að sækja meira. Nú kom hann á fleygiferð og rogaðist með tvo kassa í stafla en sá þá ekki neitt, steig í holu og datt kylliflatur. Hann rak upp öskur og grét hástöfum, bæði af sársauka og reiði. Hann hafði misst kassana og hruflast á hnjám og hendi. Rósa var væn og góð í sér, hún sótti sjúkrakassann og plástraði meiðslin. Svo huggaði hún Ása og þurrkaði af honum tárin. Kassarnir virtust óskemmdir og þegar Ási hafði jafnað sig hélt hann áfram. Pabbi hældi honum fyrir dugnaðinn og Ási ljómaði af vinnugleði.

Bóla sá lóu úti í móunum og ætlaði að fara að skoða hana en þá kom Lísa og setti Bólu í ferðabúrið. Bóla vildi ekki vera lokuð inni. „Ekki vera súr Bóla mín,” sagði Lísa. „Þú getur lúrt hérna í sólinni.“ Bóbó sat volandi á leiksvæðinu í garðinum. Oftast fannst honum gaman að sitja þar og moka en nú var hann ekki ánægður. Hann vildi hjálpa til eins og hinir. Lísa lét hann fá vatn í dós, og pensil. „Bóbó, málaðu grindverkið,” sagði hún og sýndi honum hvernig ætti að dýfa penslinum í vatnið og strjúka því á grindverkið. Þetta fannst Bóbó gaman og hann málaði svo að gusurnar gengu í allar áttir.



En hvar var Óli? Lísu hafði ekkert séð hann lengi. Stundum var bara eins og hann Óli gæti gufað upp, þá gleymdi hann sér við að hugsa, rannsaka eitthvað eða lesa. Hann hafði lært að lesa þegar Lísu og Ási voru í 2. bekk og var fljótt orðinn betur læs en þau.


Lísu litaðist um eftir Óla. Hann var ekki inni og Lísu gekk í kring um húsið. „Óli, Óli, hvar ertu!“ Hún gekk í átt að gamla leynistaðnum þeirra og þá heyrði hún eitthvað bank. Hún gekk á hljóðið. Þarna sat Óli með öryggisgleraugu og eyrnahlífar og barði í steina með hamri og meitli. Steinarnir klofnuðu í tvennt og margir þeirra voru mjög fallegir að innan þó að þeir væru bara venjulegir og gráir utan. Steinasafnið! Þau höfðu næstum gleymt því. „Lísu sjáðu“, kallaði Óli þegar hann sá hana, „sjáðu holufyllinguna í þessum, þetta er kristall.“ „Já“, svaraði Lísu, „en nú erum við að fara Óli, tökum steinana.“ Þau settu steinana í poka og roguðust með þá að bílnum. Rósa kom á móti þeim og hjálpaði þeim. Nú var allt komið á bílinn og kominn tími til að leggja af stað.



Fjölskyldubíllinn var troðinn af dóti og það var þröngt um farþegana. Lísu sat með Bólu, hún þorði ekki að taka hana úr búrinu því að Bóla var hrædd í bíl. Óli sat með appelsínutréd og plastkassa með uppáhaldsdótinu sínu. Í honum var stækkunargler, box með örlitlum skrautlegum steinum, annað box með járnsmið sem kúrði sig skelkaður niður, nokkrar fjaðrir og pínulítill planta sem Óli var að rækta upp af sítrónusteini. Lísu og Óli mösuðu saman og léku sér að ríma. Bóbó sat á milli þeirra og tottaði snúðið sitt, starði út í loftið og dottaði öðru hvoru. Í öftustu sætunum sátu Ási og Rósa. Ási var niðursokkinn í spennandi tölvuleik en Rósa æfði orðin og hljóðin sem talkennarinn var að kenna henni. Mamma hafði fundið lag til að syngja æfingarnar við, því að Rósa hafði gaman af tónlist.



Rósa var dugleg við flest sem hún gerði. Þegar hún kom úr skólanum og hafði klárað heimanámið tóku talæfingarnar við og síðan æfði hún hreyfingar sem hendurnar hennar voru í vandræðum með að gera, eins og að teikna, skrifa og nota hnífapörin. Svo að Rósa æfði sig og æfði. Stundum varð hún leið á öllum þessum æfingum; að kunna ekki að lesa nema örfá orð enn þá þó að hún væri alltaf dugleg að læra; að sulla niður á sig matnum af því að hendurnar hlýddu henni ekki og að geta ekki sagt það sem hún hugsaði og langaði til að tala um. Þá kom fyrir að hún reiddist, öskraði, sparkaði og grýtti hlutum. En hún jafnaði sig alltaf fljótt. Aðaláhugamál hennar var sund, hún varð aldrei leið á sundæfingum. Hún keppti oft og hafði unnið marga verðlaunapeninga. „Hún Rósa á eftir að komast á Ólympíuleikana,“ sagði þjálfarinn hennar oft stoltur.



Ási fór nú að iða í sætinu. „Erum við ekki að verða komin?“ spurði hann. „Fæturnir á mér eru svo óþolinmóðir, þeir þurfa að komast út.“ Pabbi sagði að nú væri alveg mátulegt að stoppa og teygja aðeins úr sér. Hann stöðvaði bílinn og börnin þutu út, nema Bóbó sem svaf vært í stólnum sínum. Mamma fór út og teygði sig og beygði, svo settist hún á stein með Bólu hjá sér. „Ég ætla að sitja hér og láta mig dreyma meðan þið leikið ykkur. Þá heyrir ég líka ef Bóbó vaknar. Bóla verður að dúsa í búrinu svo hún týnist ekki.“

„Eigum við að koma í útilegumannaleik, hér er svo mikið af hólum og stórum steinum til að fela sig bak við?“ spurði pabbi. „Já, já,“ hrópuðu börnin, „hver á að vera útilegumaðurinn?“ Pabbi stakk upp á því að þau færu bara eftir aldri, Óli ætti að vera hann.

Allir grúfðu upp við stóran stein og töldu upp að 50 meðan Óli faldi sig. Svo hófst leitinn. Pabbi, Rósa, Lísu og Ási læddust um og skimuðu eftir útilegumanninum. Lísu sá glitta í peysuermi við einn steininn. „Útilegumaður fundinn!“ hrópaði hún og útilegumaðurinn Óli spratt fram og reyndi að ná leitarmonnum sem flýðu til baka eins og fætur toguðu. Ási var lang fljótastur en gáði ekki að sér, hljóp í öfuga átt og stefndi beint til fjalls. Lísu var spretthörð og komst fyrst að heimasteininum, næst kom Rósa. Pabbi þeyttist um óskaplega

skreflangur en rak tána í og stökk áfram í skrýtnum loftköstum, baðandi út höndunum. Hann rétt náði að sleppa frá Óla. Ási hafði nú áttað sig á mistökum sínum og sneri við, útilegumaðurinn Óli hljóp á móti honum. „Áfram Ási, áfram Ási,” hrópaði Lísá en Rósa hló svo mikið að hún varð að setjast niður. Óli náði Ása loks og klukkaði hann. „Nei, það er ekki að marka!” orgaði Ási reiður.

Ási átti nú að vera hann líka. Óli og Ási földu sig meðan hin töldu upp að 50, svo hófst leitin. Nú var það Rósa sem sá rassinn á Ása hjá stórum steini. „Úúúúú!” hrópaði hún og allir þutu til baka. Rósa og Lísá náðust báðar og þá voru útilegumennirnir orðnir fjórir og bara pabbi eftir. Það var samt ekki auðvelt að ná honum, hann hljóp í ótal króka og beygjur en loks tókst það.

„Jæja krakkar, kominn nestistími,” sagði pabbi móður og mäsandi. Nú var gott að fá kakó og samlokur og allir borðuðu af bestu lyst nema Bóbó sem svaf enn. Aftur var ekið af stað. Óli og Lísá fundu upp leik. „Kób,” sagði Lísá og Óli átti að finna út hvaða orð hún væri að segja. „Bók,” sagði hann og giskaði rétt. „Ífós,” sagði hann og Lísá hugsaði sig um. „Það er sófi,” sagði hún svo. Ási vildi vera með og sagði „sór”. „Ég veit það, það er rós,” svaraði Óli. „En lós?” Ási braut heilann. „Ha ha, sól,” svaraði hann svo. Lísá var nú reglulega snjöll og sagði „amma”. „Það er líka amma,” sögðu Ási og Óli og skellihlógu.

Tíminn leið hratt og allt í einu var fjölskyldan komin að nýja heimilinu hjá afa og ömmu. Bóbó vaknaði þegar hann var tekinn úr stólnum og var hinn hressasti þegar hann sá afa og ömmu. Þau buðu fjölskylduna velkomna og sögðu að nú skyldu þau fá sér að borða áður en flutningabíllinn kæmi með búslóðina. Fyrst fór Lísá upp í nýja herbergið með appelsínutréd og Bólu litlu. Þarna voru kojurnar, þær Rósa ætluðu að skiptast á að sofa í efri kojunni. Þetta yrði gaman, alveg eins og í sumarbústað! Hún opnaði búið og Bóla hljóp um herbergið, fegin að þessum langa bíltúr var lokið. Hún rak litla trýnið í allt og þefaði hátt og lágt. Svo mjálmaði hún: „mjá, mjá” og virtist vera alveg hissa á þessu öllu.

Lísá hljóp niður í eldhús og settist að matborðinu með fjölskyldunni. Namm, kjötbollurnar hennar ömmu voru alltaf jafn góðar. Kartöflustappa, salat, sósa og svo auðvitað rabarbarasulta. Algjör veislumatur. Þau voru að klára að borða þegar bíllinn kom með dótið þeirra. Amma og Bóbó buðu bílstjóranum mat meðan hinir báru búslóðina inn.



Það var orðið áliðið dags þegar allt var komið inn úr bílnum. Íbúðin virtist troðfull af kössum og dóti og lítið pláss til að hreyfa sig. Fjölskyldan var orðin þreytt eftir annasaman dag, Bóbó nuddaði augun og skældi hátt. „Bóbó heim a lúlla,“ volaði hann. „Nú á Bóbó að sofa hér,“ sagði mamma og sýndi honum rúmið sitt. „Nei, Bóbó lúlla heima,“ grét hann. „Svona stúfurinn minn, við skulum bara leggja okkur saman í mömmu rúm,“ sagði mamma þá. „Á ég að lesa um geiturnar þrjár?“ Bóbó vildi það og sofnaði um leið og mamma fór að lesa. Hún strauk honum um vangann og fór svo fram.

Pabbi eldaði súpu og krakkarnir komu rúmfötunum fyrir í kojunum. Svo röðuðu þau dótinu sínu í skúffur og hillur í herbergjunum. Þau voru orðin sársvöng þegar pabbi kallaði á þau í matinn. Lísu fann matarskálarnar og matinn hennar Bólu, þau höfðu gleymt að gefa henni. Litla greyið hlaut að vera orðið banhungrað. Lísu kom skálunum fyrir og fyllti þær af mat og vatni. „Bóla, kis kis, komdu að borða.“ Bóla virtist ekkert heyra. Lísu gekk um húsið, gáði bak við allt og kallaði en hvergi sá hún Bólu. „Hafið þið séð Bólu?“ spurði hún en enginn hafði orðið var við hana síðan þau komu.

Lísu fór niður til afa og ömmu og þau leituðu um alla neðri hæðina. Ekki var Bóla þar. Lísu var skelfingu lostin, hvað hafði orðið af Bólu? Afi sagði að líklega hefði hún farið eitthvað út og rataði nú ekki heim aftur því að hér væri hún alveg ókunnug. Ó, vesalings, vesalings Bóla, nú væri hún hrædd og svöng að ráfa um þorpið. Kannski hafði hún lent í slysi, eða grimmur hundur elt hana. Ó, af hverju hafði hún ekki passað að hún færi ekki út? Lísu grét sárt þegar hún hugsaði um litla dýrið. Rósa faðmaði Lísu en Lísu grét bara enn sárar. Hún yrði að finna Bólu litlu. „Lísu mín, við förum öll út að leita,“ sagði mamma og strauk af henni tárin. „Bóla er ein af fjölskyldunni og við áttum að gæta hennar í sameiningu.“

Afi sat inni hjá Bóbó meðan fjölskyldan fór út að leita. Amma gekk í næstu hús og spurði hvort nokkur hefði séð gulbröndóttan kettling en enginn hafði orðið hans var. Nokkrir krakkar komu út og hjálpuðu til við leitina. Allir kölluðu á Bólu og gáðu inn í garða og bak við hús en án árangurs. Að lokum sagði pabbi að nú væri farið að skyggja. Þau yrðu að halda leitinni áfram á morgun.

Lísu gat ekki hugsað sér að fara heim í hlýtt rúm meðan Bóla litla væri köld og svöng að villast um þorpið. Mikið hlaut hún að vera hrædd og einmana. Lísu harðneitaði að fara heim. Systkini hennar stóðu með henni og kröfðust þess að fá að leita lengur. „Þið megið vera smá stund enn,“ sagði mamma. „En við pabbi förum heim núna.“





Lísa grét með miklum ekka og kallaði á Bólu. Rósa, Ási og Óli stóðu hjá henni hálf ráðalaus og hrópuðu líka: „Bóla, elsku Bóla, kis kis.“ Ókunnu krakkarnir fóru heim til sín, nema ein stelpa. Hún kom nú til Lísu. „Heyrðu,“ sagði hún, „við skulum hætta að kalla. Það er betra að hlusta, kannski er Bóla að reyna að kalla á okkur.“ Þetta hafði Lísu ekki dottið í hug, þessi stelpa vissi greinilega sínu viti.

Krakkarnir gengu nú hljóðlega um og hlustuðu vel. Stelpan benti þeim að koma með sér að stórum garði innst í götunni. „Hlustið,“ hvíslaði hún. Fyrst heyrðu þau ekkert en svo greindu þau ósköp veikt og mjóróma væl. Þau læddust nær og nú heyrðist greinilegt mjálm ofan úr einu trénu. Gat þetta verið? Þau rýndu upp í tréð og þarna kúrði lítill hnoðri á grein og vældi ámátlega. BÓLA!

„Hvernig náum við henni niður,“ spurði Óli. „Ekkert mál,“ svaraði Ási. „Ég stend bara uppi á öxlunum á Rósu og þá næ ég upp.“ „Heldurðu að þú getir það?“ spurði Óli. „Drífum okkur bara,“ sagði Ási sem var kominn upp í neðstu greinina. Hann kallaði á Rósu. „Beygðu þig svo ég komist upp á axlirnar, þið hin haldið við lappirnar á mér.“ Rósa reis upp með Ása á öxlunum, og viti menn, honum tókst að teygja sig upp í greinina sem Bóla hímndi á. Hann náði taki á Bólu, og rak um leið upp skaðræðisöskur því að Bóla, sem var viti sínu fjær af skelfingu, beit hann og læsti í hann klónum. Ási riðaði og þó að krakkarnir héldu í fæturna á honum datt hann. Það gerði Rósa líka og allt í einu lágu krakkarnir allir í einni kös á jörðinni.

Ási orgaði hástöfum en Lísa kraflaði sig á fætur og hrópaði: „Bóla, hvert fór Bóla?“ „Ég held henni,“ grét Ási. Lísa losaði Bólu úr höndunum á honum. Bóla virtist þekkja hana og Lísa stakk henni undir peysuna sína. „Meidduð þið ykkur?“ spurði hún. Allir voru ómeiddir nema Ási. Hann var með djúpar rispur á höndunum sem blóðið lagaði úr. „Við skulum flýta okkur heim, þú þarft að fá plástur, marga plástra,“ sagði Óli. Lísa hélt þétt utan um Bólu og trúði því varla að hún væri fundin heil á húfi. „Ási, þú ert frábær,“ sagði hún og mundi svo eftir stelpunni sem hafði hjálpað þeim. „Takk fyrir hjálpina,“ sagði Lísa brosandí. „Ekkert að þakka, það var gott að við fundum hana,“ svaraði stelpan. „Hvað heitir þú?“ spurði Lísa. „Dísa“, svaraði stelpan. Lísa hló. „Ég heiti Lísa, það munar bara einum staf á nöfnunum okkar.“ Dísa spurði hvort hún mætti koma á morgun og sjá hvernig Bólu liði og Lísa svaraði að það yrði gaman.



Þegar krakkarnir birtust, Lísá með Bólu í fanginu og Ási allur blóðugur og útgrátinn, trúðu pabbi og mamma varla sínum eigin augum. Rósa sótti sjúkrakassann og Lísá gaf Bólu að borða. Óli sagði mömmu og pabba hvernig Dísá hjálpaði þeim að finna Bólu og hvað Ási var úrræðagóður og duglegur. Hendurnar á Ása voru illa leiknar og mamma hreinsaði sárin vel og bjó um þau. „Þetta ætti að duga, sárin eru mörg en ekki djúp,“ sagði hún. „Bóla var bara svo hrædd,“ sagði Ási hress. „Jæja, börnin góð, nú fáum við okkur köku og mjólkurglas og komum okkur svo í koju,“ sagði pabbi.

Það voru þreytt systkini sem lögðust til svefns á nýja heimilinu þetta kvöld. Lísá hreiðraði um sig í neðri kojunni og Rósa í þeirri efri. Venus blikaði skært á himni og tunglið varpaði bleikri birtu yfir þorpið. Það gægðist inn um gluggann á herbergi systranna. Í glugganum sat lítil, gulbröndótt kisa sem virti fyrir sér útsýnið. Hún geispaði og teygði sig en gætti þess að rekast ekki í blómapott með appelsínutré. Svo stökk kisa niður á gólf og trítlaði að rúmstokknum og upp í neðri kojuna. Hún skreið undir sængina og kom sér fyrir með höfuðið á koddanum. „Bóla mín,“ hvíslaði Lísá og strauk henni blíðlega. Bóla malaði hátt. Kyrrð og ró færðist yfir litla húsið. Allir sváfu vært.



## Sagan um Bólu

© Hanna Kristín Þorgrímsdóttir

© teikningar Ingi Jensson

Ritstjóri: Sýlvía Guðmundsdóttir

Umbrot og hönnun: Námsgagnastofnun